

289. fundur

Föstudaginn 1. september 2022, kl. 11:00 kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í matvælaráðuneytinu.

Fundinn sátu: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hrannar Már Gunnarsson, Reynir Þór Jónsson og Pálmi Vilhjálmsson. Helga Ingólfssdóttir boðaði forföll. Þá sátu einnig fundinn, Arnar Freyr Einarsson, MAR og Hálf dán Óskarsson, áheyrnarfulltrúi.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Kynning og skipunarbréf

Formaður bauð nýskipaða verðlagsnefnd velkomna til starfa og fundarfólk kynnti sig. Endurskipað var í nefndina þann 26. júlí 2022 til tveggja ára.

2. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Lagðir voru fram framreiknaðir verðlagsgrundvellir kúabús fyrir júní og september 2022. Gjaldaliðir verðlagsgrundvallar hækkuðu frá mars til júní um 2,63% og 1,89% frá júní til september. Lágmarksverði til framleiðenda var síðast breytt þann 1. apríl 2022, byggt á verðlagi marsmánaðar og er samanlögð hækkun gjaldaliða því 4,56% frá síðustu verðlagningu. Að loknum umræðum og yfirferð einstakra gjaldaliða voru báðir verðlagsgrundvellir staðfestir.

3. Iðnaðarlíkan

Lagt var fram reiknilíkan gjaldaliða hjá mjólkursamlögum til mats á breytingum á vinnslu- og dreifingarkostnaði ásamt glærुकynningu. Farið var yfir kynningu á umgjörð mjólkuriðnaðar og -framleiðslu og þróun sl. tvo áratugi. Þá var farið yfir umgjörð opinberrar verðlagningar mjólkurvara og samspil verðlagsgrundvallar og iðnaðarlíkans. Líkanið byggir á rauntölum úr ársreikningi Mjólkursamsölnunnar 2021 og opinberum hagtölum um þróun rekstrarkostnaðar. Frá mars til september 2022 er reiknuð hækkunarþörf líkansins 2,67%.

4. Verðlagning

Að loknum umræðum var borin upp tillaga að hækka lágmarksverð mjólkur til bænda og heildsöluverð mjólkurvara til samræmis við þróun framlagðra gagna frá mars til september 2022. Tillagan felur í sér að hækka lágmarksverð mjólkur til bænda um 4,56% og heildsöluverð sem nemur veginni hækkun hráefniskostnaðar (mjólk) og vinnslu- og dreifingarkostnaðar. Hækkun heildsöluverð byggir því á 2,67% hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar og 4,56% hækkunar á hráefniskostnaði, þ.e. mjólkur. Vegin saman yrði reiknuð hækkun heildsöluverðs 3,72%.

Samþykkt að hækka lágmarksverð mjólkur til bænda um 4,56%. Samþykkt að hækka heildsöluverð mjólkurvara sem verðlagsnefnd verðleggur um 3,72%. Verðlagning tekur gildi þann 8. september 2022.

5. Erindi MAR til verðlagsnefndar um tillögur starfshóps um verðlagsmál

Lagt fram erindi matvælaráðuneytisins til verðlagsnefndar um að taka tillögur starfshóps um verðlagsmál í nautgriparækt til umfjöllunar. Tillögur starfshópsins fela m.a. í sér að (1) verðlagsnefnd endurskoði lista þeirra mjólkurvara sem hún verðleggur, (2) reiknilíkön verðlagsnefndar verði uppfærð og (3) söfnun og sala hrámjólkur verði áfram aðskilin í bókhaldi markaðsráðandi fyrirtækis. Upplýsingaöflun á sér stað sem snýr að (1) og var umræðu frestað til næsta fundar. Ákveðið að formaður og matvælaráðuneytið geri tillögu um framkvæmd og verkáætlun vegna (2) sem verði tekin fyrir á næsta fundi sem verður í fyrstu viku október.

6. Erindi til verðlagsnefndar um verð á mjólk utan greiðslumarks

Lagt fram erindi til nefndarinnar sem snýr að verðlagningu mjólkur sem er umfram greiðslumark. Er þar rakið hvernig sendandi telur að greiðslur fyrir „umframmjólk“ séu ekki í samræmi við gildandi lög um lágmarksverð fyrir mjólk og að greiða beri gildandi lágmarksverð fyrir þá mjólk

sem markaðsett sé innanlands, hvort sem er að hluta eða öllu leyti (fita/prótein). Umræður. Ákveðið að vísa erindinu til ráðuneytisins til afgreiðslu.

Næsti fundur verðlagsnefndar verður haldinn þann 6. október kl. 13:00.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 13:00.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Arnar Freyr Einarsson